

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs í Grundarfjarðarbæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar skal ákvarða og innheimta sorpgjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er Grundarfjarðarbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

#### 2. gr.

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og sumarhús í Grundarfjarðarbæ, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Sorpgjald er innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

#### 3. gr.

Sorpgjald skiptist annars vegar í fastagjald sem er 32.541 kr. vegna íbúðarhúsnæðis og 40.967 kr. vegna sumarhúsa og hins vegar í sorpilátagjald sem fer eftir rúmmáli þeirra sorpiláta sem eru við heimili og er sem hér segir:

Stærð sorpiláta	Úrgangsflokkur	Sorpgjald á ári
140 lítrar	Lífúrgangur	9.500 kr.
240 lítrar	Blandaður úrgangur	21.800 kr.
240 lítrar	Blandaður/lífúrgangur; tvískipt tunna (undantekning)*	43.600 kr.
240 lítrar	Pappi og pappír	9.900 kr.
240 lítrar	Plast*	9.900 kr.
660 lítrar	Blandaður úrgangur	59.950 kr.
1.100 lítrar	Blandaður úrgangur	99.917 kr.
Skrefagjald (umfram 15 m)		50% pr. ílát

Önnur gjöld	Fjárhæð hvert skipti
Breytingagjald	4.000 kr.
Endurnýjunargjald tunnu með flutning á staðfang	15.000 kr.
Aukahirðing vegna óviðunandi flokkunar eða frágangs	9.000 kr.

\* Gjaldið tekur gildi 1. maí 2024.

#### 4. gr.

Skipulags- og umhverfissviði Grundarfjarðarbæjar er heimilt samkvæmt gjaldskrá þessari að leggja gjöld á þá aðila sem verða uppvísir að því að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi eða á jarðvegstípp fyrir útlögðum kostnaði við hreinsun.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar 14. desember 2023, með breytingu 11. janúar 2024, staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og skv. 23. gr. laga nr. 55/2003 og öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá þessi uppfærst miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs í upphafi hvers árs, miðað við desember 2023, 603,5 stig.

Nr. 17

11. janúar 2024

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs í Grundarfirði, nr. 1108/2014.

*Grundarfirði, 11. janúar 2024.*

**Björg Ágústsdóttir** bæjarstjóri.

—————  
B-deild – Útgáfudagur: 17. janúar 2024